

Vikufréttir

Vika 39 (23.09. – 27.09. 2019)

Mánudagur

Þriðjudagur

- ✓ Stigsfundur á yngsta stigi kl. 14:30

Miðvikudagur

- ✓ Stigsfundur á elsta stigi kl. 14:05

Fimmtudagur

- ✓ Stigsfundur á miðstigi 14:30
- ✓ Evrópski tungumáladagurinn

Föstudagur

- ✓ Samræmd próf í stærðfræði í 4. bekk

Annað:

7. bekkur þreytti samræmd próf í íslensku og stærðfræði s.l. viku. Þrátt fyrir smá hnökra á próftöku gekk þetta nokkuð vel fyrir sig og stóðu nemendur sig mig þryði og sýndu mikla þrautseigju og dugnað.

Tilgangur prófanna er að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara, fræðsluyfirvalda. Niðurstöður verða sendar heim til foreldra og nemenda þegar þær berast frá Menntamálastofnun.

Spakmæli:

„Bestu og fegurstu hluti veraldar er ekki hægt að sjá eða snerta..... heldur finnum við fyrir þeim í hjörtum okkar. „

Smiðjuhelgi 4. – 5. október

Síðast liðinn vetur voru í fyrsta sinn hjá okkur svokallaðar smiðjuhelgar þar sem boðið var uppá valgreinar fyrir 8. til 10. bekk. Á móti voru nemendur einum tíma skemur á viku í skólanum en viðmið gera ráð fyrir og unnu þá með þessum hætti eina helgi á önn.

Í lok skólaárs var gerð könnun á meðal nemenda og þeir spurðir hvort þeir vildu hafa valið með þessum hætti áfram eða hafa lengri dag einu sinni í viku allan veturinn. Mikill meiri hluti nemenda vildi hafa smiðjuhelgarnar og voru flestir mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag. Því var ákveðið að halda áfram með smiðjuhelgarnar og hafa þær einnig á þessu skólaári. Smiðjurnar verða haldnar tvisvar sinnum yfir veturinn, fyrir og eftir áramót, og eru ætlaðar nemendum á unglingsstigi.

Tilgangur smiðjanna er að mæta vali fyrir unglingana með öðrum hætti en almennt tíðkast og gefa þeim kost á að hafa meira um val sitt að segja. Nemendur setja fram hugmyndir sínar um það sem þeim finnst áhugavert og langar að hafa í vali. Unnið er út frá þeirra hugmyndum og leitast við að bjóða smiðjur sem flestir hafa áhuga á hverju sinni. Þegar dagskrá liggur fyrir sendum við út valblað sem nemendur fylla út og skila til okkar.

Fyrri smiðjuhelgi vetrarins verður haldin föstudaginn 4. október og laugardaginn 5. október. Unnið er í smiðjum frá 14.30 á föstudegi til 14.30 á laugardegi.

Mætingarskylda er á smiðjuhelgi jafnt og aðra skóladaga. Nánari upplýsingar um tímasetningu og hvaða smiðjur verða koma þegar nær dregur.

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir